

Leikskólalæsi II

Skýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Leikskólinn Kiðagil Akureyri

Nafn verkefnisins: Leikskólalæsi II

Nafn verkefnisstjóra: Agnes Bryndís Jóhannesdóttir

Tengiliður skóla: Inda Björk Gunnarsdóttir

Aðrir sem unnu að verkefninu:

Starfsfólk Leikskólans Kiðagils

Númer samnings: UMS-304 styrkur fyrir veturinn 2015-2016

Formáli

Í leikskólanum Kiðagili hefur löngum verið lögð áhersla á markvissa málörvun og umhverfi þar sem ritmál er sýnilegt í þeim tilgangi að vekja áhuga barna fyrir ritmálinu og hvetja til læsis. Vorið 2009 var ákveðið að hefja þróunarvinnu með þennan þátt skólastarfsins og bar það verkefni heitið Leikskólalæsi. Eftir að því lauk var hafist handa við að gera handbók með öllum þeim verkefnum og vinnubrögðum sem nýtt eru til kennslu á öllum deildum leikskólans. Kveikjan að verkefninu var að skapa verkfæri til að dýpka og stuðla að markvissari vinnubrögðum kennara með læsi barna á leikskólastigi í huga.

Um er að ræða samvirka kennsluaðferð þar sem jöfnum höndum er unnið með merkingu máls og tæknilega þætti lestrarnámsins sem styrkir málvitund barnanna og veitir skipulagða málörvun og eðlilega færni í íslensku. Auk þess að samþætta hina mörgu þætti málsins s.s. ritun, tal, hlustun og talnaskilning. Náms hæfni nemenda byggist á forvitni, áhugahvöt, trú á eigin getu og hæfileikum þeirra til að nýta hæfni sína á uppbyggilegan hátt á viðfangsefninu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011 bls. 24). Markmið verkefnisins var að halda áfram að þróa leikskólalæsi. Verkefin voru þróuð að hverjum aldurshópi fyrir sig með tilliti til aldurs barnanna.

Verkefnið sjálft

Yngstu deildarnar

Á yngstu deildunum var meiri áhersla lögð á að hafa allt merkt auk þess sem hvert barn á sitt tákni með mynd. Upphafsstafir barnanna eru aftan á táknu þeirra og var þeim kennt að stimpla sig inn í leikskólann að morgni þannig að þau snúa táknu sínu við og sjá þá upphafsstafi sína. Þá eru sætin sem þau sitja í á

matartímum merkt með nafni þeirra og tákni. Þá var tákni þeirra og stöfum komið fyrir á ýmsum stöðum hvort sem er á gólfi eða lofti. Þetta hefur orðið til þess að þau eru fljótari að læra sína upphafsstafi og stafi annarra barna. Þá eru margir af þeim söngvum sem sungnir eru með táknum og hreyfingum sem gerir þeim auðveldara að skilja merkingu þess sem sungið er um. Í hópastarfstímum er vinna þau með stafina sína og tákni auk þess sem frjálsa leiknum er gert hátt undir höfði. Stærðfræðin var tekin hægt inn og var eingöngu byrjað á að kenna börnunum hvað einn og einn er mikið en til þess voru sungin lög þar sem tölur komu fyrir og þau þurftu að telja með. Þá fengu þau að leika sér með talnaform enn enginn markviss kennsla var í talnahugtökum. Með því að gera þetta svona eru kennarnir að leggja grunninn að því sem bætt verður ofan á nám þeirra þegar þau flytjast á eldri deildarnar.

Klemmur voru notaðar þannig að nöfn barnanna voru límd á þær og þurftu þau að finna sitt nafn þegar þau fóru í mat. Þá var unnið með formkubba en með þeim læra börnin að gera sér grein fyrir formunum. Þá voru smellukubbar mikið notaðir en þeir eru einnig í allskonar formum og litum. Kubbarnir auka færni barnanna í að setja saman form, auk þess að æfa fínhreyfingarnar.

Elstu deildarnar

Megin viðfangsefni verkefnisins var að vinna markvisst með læsi og stærðfræði til að auka getu þeirra í talnaskilningi og lestri og að þekkja hljóðun stafa.


Á eldri deildum skólans var ákveðinn læsistími einu sinni í viku. Tíminn byrjaði á að kennarinn las upp úr bók er tengist fyrirfram ákveðnu þema. Hann velur lykilorð ræðir merkingu þess við börnin og fær þau til að koma með sína túlkun á orðinu. Eftir þessa umræðu fóru börnin í stöðvavinnu tvö eða fleiri saman þar sem unnið var með lykilorðin á margvíslegan hátt í gegnum leikinn. Lykilorðin eru hengd upp á vegg í augnhæð barnanna og eru því ávallt þeim aðgengileg. Unnið var

að ýmsum læsis og stærðfræðiverkefnum á hverri stöð og voru kennarar í hverju herbergi þeim til aðstoðar. Verkefnin byggðust upp á orðhlutaeyðingu, rími formum, stærðfræðiverkefnum, tölum og táknum ásamt sjónrænum verkefnum. Þá var reglulega klöppuð orð til þess að börnin áttuðu sig á hrynjanda þeirra. Til að efla börnin og ná markvissum árangri voru verkefni eins og teningakast þar sem þau töldu saman þær tölur sem upp komu. Þá var annað verkefni þar sem kastað er teningum og lagðar saman þær tölur sem upp koma og jafnmargir kubbar raðaðir upp í turn. Þá var eitt verkefnið að kasta tening nokkrum sinnum, gera kross við þá tölu sem upp kemur og leggja saman hversu oft hver tala kemur og skoða t.d. hver kom oftast eða sjaldnast. Markvisst var unnið að því að börnin stimpluðu sig inn á þann hátt að þau fundu nafnið sitt settu það á renning sem var með tölustöfum og gátu þannig fundið út hversu mörg börn voru mætt á undan þeim.



Vettvangsferðir voru nýttar til að láta börnin taka myndir sem notaðar voru í verkefnið. Þau voru hvött til að finna mismunandi form og teikna þau þegar heim í skólann var komið. Seinni önnina var unnið með hafið. Foreldri kom með ýmsar afurðir úr sjónum sem börnin skoðuðu og fengur að handfjatla. Þá voru bækur markvisst lesnar og tekin út lykilorð og þau rædd. Unnið var með orðin þannig að þau voru tekin í sundur í marga parta og börnin þurftu síðan að raða þeim saman svo úr yrði rétta nafnið. Þegar leið á veturinn voru þau farinn að hljóða sig í

gegnum orðið. Til þess að skilningurinn yrði betri var þetta allt búið til og orðaforði þeirra aukinn í leiðinni.



Lögð voru fyrir verkefni tengd stærðfræði og lögðu kennara sig fram við að finna út veiku og sterkar hliðar barnanna og fengu þau verkefni við hæfi. Börnin fóru mjög snemma að sýna stærðfræðinni áhuga og var komið til móts við þau með því að hvetja þau til að finna út hvaða form hentaði best við þær aðstæður sem þau voru að kljást við. Þá voru þau látin mæla, telja og leggja saman sem gerði það að verkum að áhugi þeirra varð þess valdandi að þau urðu sjálfstæðari í verkefnavinnu. Þá voru notuð verkefnablöð þar sem tala var öðru megin og viss margir hlutir af t.d. eplum hinu megin og þurftu þau að tengja á milli það sem passaði saman. Þá voru nýtt verkefnablöð þar börnin voru látinn leggja saman en til þess fengu þau talnagrindur eða notuðu fingurnar á sér til að telja. Þá var það ávinningur að starfsfólk fór á Numicon námskeið hjá Kristínu Wallis en Numicon eru kennsluefni þar sem stærðfræði kubbar eru nýttir til kennslu.



Vorið 2016 var unnið með verkefnið Bærinn minn Akureyri. Farið var um víðan völl, hús skoðuð, götur kannaðar ásamt því að ýmsar menningarstofnanir voru heimsóttar. Börnin voru látin skrá niður það sem þau sáu í hverri ferð auk þess sem unnið var með það sem þau sáu í umhverfinu lögun þess og staðsetningu. Börnin teiknuðu götur og var unnið með þær á þann hátt að settar voru gangbrautir og annað sem þeim datt í hug. Stærðfræðin var jafnan tekinn inn í þessa formúlu þar sem þau veltu fyrir sér húsnúmerum, formum og gluggum. Börnunum var sagt frá Helga Magra og Þórunni Hyrnu og styttn af þeim skoðuð. Farið var í margar skemmtilegar vettvangsferðir til að skoða ýmislegt áhugavert eins og til dæmis heimsóttu þau Bæjastjórann auk þess sem þau skoðuðu eigin hús og fleira. Þá skoðuðu þau bæjarmerki Akureyrar, teiknuðu það og máluðu síðan.

Á frjálsum starfsstöðvum voru verkefni sem voru þannig lögð fram að börnin fengu eitthvað orð og áttu að telja hvað væru mörg t.d. „A“ í orðinu. Þá áttu þau að finna t.d. eins marga steina og A in voru og skrá það niður. Verkefnin voru þyngd þegar talnaskilningurinn var kominn. Þá fengu þau einnig að spreyta sig á verkefnum sem voru tekin úr bókum sem nýttar eru í fyrsta bekk grunnskóla. Til að efla rökhugsun þeirra var þeim sem áhuga höfðu kennt að tefla. Þá voru teningar mikið nýttir í allskonar verkefni. Börnin voru látinn leggja saman með því að kasta teningum og telja, auk þess var búin voru til allskonar verkefni sem höfðu talnagildi í sér. Notast var mikið við endurnýtanlega efnivið til að búa til verkefni. Í dag eru mörg þessara barna búin að ná góðum árangri í talnaskilning og farin að reikna auðveld reiknings dæmi.



Börn með tölur og kubba



Samstæður af tölum

Að telja með talnagrind

Leiðir til að ná markmiðinu



- Vel undirbúnir tímar þar sem sérstaklega var lögð áhersla á hljóðun stafa. Þá var gerð markviss námskrá til að kennarar hefðu betri yfirsýn yfir það sem gera átti og stuðst var við áður útgefna læsisbók.
- Stærðfræðin var markvissari þannig að útbúin voru verkefni þar sem börnin nýttu teninga og blöð, ásamt því að nota reikningsblöð úr bókum, kubba fyrir talningu og samlagningu.
- Starfsfólk fór á Numicon námskeið sem byggt er á stærðfræði.

Frávik og hindranir:

- Helstu frávik og hindranir í verkinu voru þau að einungis tveir elstu áragangarnir voru virkastir í stærðfræðinni.
- Yngri deildarnar voru minna að læra talnaskilning og einbeittur sér meira af stafabekkingu enda talnaskilningur þeirra frekar grunnur. Auk þess sem samstarf yngri deilda er ekki komið á saman stig og þeirra eldri. Þá var markvisst farið í það að kenna hljóðun stafa og hefur það borið árangur á þann hátt að mörg hver þekkja hljóðun síns stafs og fleiri.

Ávinningur af viðfangsefninu

Helsti ávinningurinn er að búin voru til fleiri verkefni sem nýttust börnunum í læsi og stærðfræði sem jók getu þeirra og skilning á því út á hvað þetta gengur. Kennarar voru meðvitaðari á að bein stafakennsla er ekki það sem virka best heldur hljóðun stafa og orða. Þetta eitt dýpkaði skilning kennarana á því hvernig best sé að kenna börnunum hljóðgreiningu. Með því að tengja þemastarf og læsi saman gerði það að verkum að orðanotkun og skilningur á orðum varð dýpri. Hugtakaskilningur þeirra dýpkaði ásamt málvitund. Markvissir læsis tímar hafa skilað sér til barnanna þar sem mörg þeirra eru orðin læs. Lögð var áhersla á að tímarnir og þemastarf væri byggt upp á sama grunni. Það var gert til þess að skapa meiri samfellu á milli þess sem þau höfðu áður unnið að.



Niðurstöður

Niðurstöðurnar eru þær að aðlaga þurfti verkefnið að yngstu börnunum en hafa í huga að ekki er hægt að gera nema lágmarks kröfu á þau. En það var gert með því að kenna þeim sína upphafstafi og sitt tákn. Þegar verkefninu lauk voru þau orðin mjög fær í að þekkja stafi annarra barna og tákn. Þau voru farin að syngja ýmiss lög upp á eigin spýtur og nota handahreyfingar og talningu með. Ávinningurinn af þessu verkefni fyrir þau er markvissari kennsla þar sem kennararnir voru meðvitaðari um hvað það væri sem þau hefðu gaman af. Þrátt fyrir að börnin á yngstu deildum hefðu ekki getu til að vera í sömu verkefnavinnu og þau sem eldri eru teljum við að þessi innlögn hafi borið árangur. Það metum við á því hvernig orðaforði þeirra jókst jafnt og þétt ásamt því að stafapekkingin varð þeim hugleikin.

Lögð var meiri áhersla á elstu deildarnar þar sem þau höfðu áður fengið grunn í stafapekkingu og rími. Reynt var að gera verkefni áhugaverð og á þeirra forsendum þar sem það hefur sýnt sig að ef hægt er að vekja áhuga þeirra verður árangurinn meiri. Börnin voru farin að velta meira fyrir sér hugtökum eins og hvað er stórt, hvað er lítið, hvað er langt og hvað er stutt. Þau voru sjálf farin að biðja um verkefni sem tengdust stöfum, orðum eða tölum og var það gert þannig á endanum að efniviðurinn var þeim aðgengilegur án þess að markviss tími væri. Áhugasvið þeirra jókst í kjölfar þessara verkefna og varð fjölbreyttara. Meira varð um búðaleiki þar sem þau bjuggu til peninga til að hafa og leikur með reiknivél. Börnin fóru að kenna hvort öðru í verkefnavinnunni sem eykur nánd þeirra, virðingu og vinsemd. Starfsfólk varð meðvitaðara um að skapa börnunum margvísleg tækifæri til að velta fyrir sér tölum, stöfum, orðum og svara spurningum þeirra á þann hátt að vekja forvitni þeirra. Árangur verkefnisins hefur einnig skilað sér til starfsmanna með góðum hætti. Starfsmenn gera sér betur grein fyrir mikilvægt þess sem leikskólinn stendur fyrir og verkefni sem við erum að gera með börnum. Verkefni eru bæði unnin í læsisstundum eins og hjá elstu árgöngunum og sem innlög í allt daglegt starf og leik. En það er mikilvægt á leikskóla að leikurinn sé hafður að leiðarljósi, eins og við gerum. Börniner eru hvött til að nota stafi og skrift í daglegum athöfnum eins og t.d. í leik með dýr, bíla, spil og dúkkur. Sem dæmi má nefna að í bílaleik eru börnin hvött til notkunar á bókstöfum með því að merkja t.d. bensínstöðvar, ákveða verð á bensínlítranum og að gera götuskipti. Notast var við bókstafi og tölustafi í flestum athöfnum daglegs lífs. Okkur á Kiðagili þykir þetta góð leið til að innleiða notkun bókstafa og tölustafa í leik með elstu árgöngum. Í dúkkuleik eru skrifaðir lyfseðlar og uppskriftir á meðan við sjáum orð eins og fjós og fjárhús í leik með dýrum. Þetta hefst betur með því að hafa skriffæri, liti og blöð aðgengilegt fyrir börnin.

Markmiðið var að auðvelda börnunum að nálgast þessi verkfæri en stuðla að aukinni notkun á skrifuðu máli og því að læra tölustafi. Þetta á einnig við um útiveruna þar sem við höfum oft í boði krítar og hvetjum til skriftar á stéttir og götur. Listaverk barnanna eru alltaf höfð á veggjum en þannig læra þau að meta sína eigin sköpun sem og sköpun annarra. Á öllum deildum eru nöfn barnanna aðgengileg og geta þau náð í nafnið sitt og haft hjá sér þegar þau merka verkefni sín ef þau eru ekki viss um hvernig það er skrifað. Á öllum deildum er stimpilkukka en hún er ætluð til að börnin færi nafnið sitt þegar þau koma í skólann og færa það síðan aftur þegar þau fara heim. Á Kiðagili hvetjum við einnig til frásagnar sem eykur samræðulist barnanna. Póstkassar eru á elstu deildunum þar sem börn og foreldrar geta skilið eftir bréf eða mynd um það sem á daga þeirra hefur drifið. Börnin segja síðan hópum sínum frá því sem er að gerast á myndinni eða fá aðstoð kennara til að lesa bréfið sem oftast en ekki hafa verið skrifuð ásamt foreldri heima. Þarna eflum við sambandið á milli heimilis og skóla sem er svo mikilvægt í öllu skólstarfi. Öll verk barnanna eru hengd uppá vegg í þeirra hæð svo að þau eigi auðvelt með að sjá sín eigin verk og annarra. Þetta eflir sjálfstraust, skapar skemmtilegar umræður þeirra á milli sem og umræður á milli barna og foreldra. Haldið verður áfám að vinna markvisst að því í vetur að efla talnaskilning, ritun, tal og hlustun barnanna á Kiðagili.

Kynning á verkefninu

Verkefnið hefur verið kynnt víðsvegar inni í skólum, auk þess var það kynnt á stóra Leikskóladeginum í Reykjavík auk þess sem haldin var málstofa í Reykjavík á degi stjórnnenda. Þá hefur verkefnið verið kynnt á sameiginlegum skóladegi Hafnafjarðabæjar.

Útfærsla á þessu verkefni sem lagt var upp með verður þróað áfram af kennurum næsta vetur.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Reykjavík: Mennta- og Menningarmálaráðuneytið.